

Hvernig er menningin á þínum vinnustað?



Vinnueftirlitið

→ **Vissir þú að heilbrigð
vinnustaðamenning stuðlar
að árangri vinnustaða?**

Vinnueftirlitið leggur ríka áherslu á að vinnustaðir innleiði heilbrigða vinnustaðamenningu. Hún stuðlar að öryggi og vellíðan starfsfólks og hefur auk þess jákvæð áhrif á árangur og orðspor vinnustaða.

→ **Vissir þú að öll á vinnustað
bera ábyrgð á heilbrigðum
samskiptum?**

Stjórnendur sýna gott fordæmi, eru til staðar fyrir samstarfsfólk þegar á þarf að halda og veita því stuðning. Starfsfólk ber ábyrgð á eigin hegðun og því að koma vel fram við aðra. Heilbrigð samskipti efla starfsánægju, styrkja samvinnu, stuðla að sálfélagslegu öryggi og eru forsenda árangurs. Hvernig eru samskiptin á þínum vinnustað?

→ **Vissir þú að allir vinnustaðir eiga
að vera með skriflega áætlun um
öryggi og heilbrigði, óháð stærð
þeirra?**

Áætlunin, sem felur í sér áhættumat og áætlun um heilsuvernd og forvarnir, er grunnur að góðu vinnuverndarstarfi og heilbrigðri vinnustaðamenningu. Aðgerðir gegn einelti, áreitni og ofbeldi á vinnustað eru hluti af áætlun um öryggi og heilbrigði.

→ **Vissir þú að atvinnurekendur
ber að tilkynna rafrænt til
Vinnueftirlitsins öll
tilkynningarskyld vinnuslys?**

Hefur orðið vinnuslys á vinnustaðnum þínum sem leiddi til þess að starfsmaður varð óvinnufær í einn eða fleiri daga, umfram þann dag sem slysið varð? Á eftir að tilkynna það?

→ **Vissir þú að til að stjórna
vinnuvél á Íslandi þarf að
hafa vinnuvélaréttindi?**

Óheimilt er að stjórna réttindaskyldri vinnuvél án vinnuvélaréttinda. Það getur skapað hættu fyrir stjórnandann, annað starfsfólk og fólk sem getur átt leið um. Hvernig er staðan á þínum vinnustað? Eru stjórnendur vinnuvéla með réttindi?

Nánari upplýsingar og fræðsluefni um öryggi og vellíðan á vinnustað má finna á vef Vinnueftirlitsins, vinnueftirlitid.is

Öll heil heim